



SAMSFÉLAGSSÁTTMÁLI

MILLI ÍBÚA VIÐ BAKKAFLÓA,
LANGANESBYGGÐAR OG
RÍKISINS VEGNA BYGGÐAR
VIÐ BAKKAFLÓA



FEBRÚAR 2022

BAKKAFJÖRÐUR
LANGANESBYGGÐ

Aðilar þessa sáttmála eru Langanesbyggð, Hverfisráð Bakkafjarðar fyrir hönd íbúa og Byggðastofnun.

Aðilar hafa sammælt um innihald samfélagssáttmálans sem birtur er í þessu skjali og ætlað er að styðja við samfélagið við Bakkaflóa.

Bakkafirði 16. febrúar 2022

Jónas Egilsson
sveitarstjóri Langanesbyggðar

Gunnlaugur Steinarsson
formaður Hverfisráðs Bakkafjarðar

Arnar Már Elíasson
settur forstjóri Byggðastofnunar

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	4
2.	Samfélagssáttmáli	5
I.	Hverfisráð.....	5
II.	Dagvistunar- og skólamál.....	5
III.	Umhverfismál.....	5
IV.	Stuðningur ríkis við eflingu byggðar við Bakkaflóa	5
3.	Nánari rökstuðningur og mat á stöðu.....	7
I.	Hverfisráð.....	7
II.	Dagvistunar- og skólamál.....	7
III.	Umhverfismál.....	8
IV.	Stuðningur ríkis við eflingu byggðar við Bakkaflóa	8
4.	Samantekt vegna samfélagssáttmála	12
I.	Aðdragandi aðgerða.....	12
II.	Væntingar við sameiningu sveitarfélaga og fyrirætlanir við sameiningu sveitarfélaga 2006... 12	
5.	Viðaukar	14
I.	Tillögur Hverfisráðs	14
II.	Yfirlit yfir aðgerðir og viðbrögð	16
III.	Tillögur starfshóps og ráðherraskipaðrar nefndar	18
IV.	Dagvistunar- og skólamál.....	20

1. Inngangur


Í samræmi við tillögur í skýrslu nefndar fulltrúa fimm ráðherra um málefni Bakkaflóa, frá 16. nóvember 2018, er hér lagður fram samfélagssáttmáli milli íbúa við Bakkaflóa, sveitarstjórnar Langanesbyggðar og Byggðastofnunar af hálfu íslenska ríkisins í gegnum verkefnið “Brothættar byggðir” og “Aflamark Byggðastofnunar” (sjá nánar í viðauka 2). Í skýrslunni segir m.a.:

Að frumkvæði sveitarstjórnar verði gerður samfélagssáttmáli á milli sveitarstjórnar, íbúasamtaka og ríkis. Þar verði meðal annars lýst yfir vilja til að snúa við neikvæðri byggðaþróun og settar fram skuldbindingar hvers aðila fyrir sig. Í sáttmálanum verði jafnframt komið inn á aðrar tillögur starfshópsins og gerð grein fyrir þeim atriðum sem aðilar málsins vilja taka fyrir. Varast ber þó að ætla að slíkur samningur taki á öllum atriðum sem leysa mætti með samstarfi í framhaldinu, til dæmis á vettvangi verkefnisins Brothættra byggða og því samtali sem þar fer fram á milli aðila.

Þeirri vinnu sem að baki liggur verður lýst nánar hér á eftir en til viðbótar má benda á að til að byggðarþróun verði jákvæð eða haldist í jafnvægi er nauðsynlegt að nægt framboð og lágmarks fjölbreytni atvinnutækifæra sé til staðar. Nú eru tækifærin mjög fá og á takmörkuðu sviði. Þjónustuframboð á svæðinu er í algjöru lágmarki.

Til að vel takist til með að endurreisa atvinnulíf og byggð við Bakkaflóann, er ljóst að allir þurfa að leggjast á árar. Samstillt átak íbúa, sveitarfélags, landshlutasamtaka og ríkis er lykillinn að velgengni í verkefninu. Því er lögð áhersla á aðkomu ríkisins og stofnana þess að þessum sáttmála til stuðnings framlagi íbúa og fyrirtækja við Bakkaflóa og sveitarfélags. Sveitarfélagið verður þó jafnframt að sinna íbúabyggð og atvinnulífinu á svæðinu eftir bestu getu og vera virkur þátttakandi í uppbyggingu svæðisins.

Mynd á forsíðu tekin af Bakkafirði, birt með leyfi Markaðsstofu Norðurlands



2. Samfélagssáttmáli

Aðilar sáttmálans um aðgerðir í þágu byggðar við Bakkaflóa eru Langanesbyggð, Hverfisráð Bakkaflóa og Byggðastofnun. Aðilar hafa sammælt um eftirfarandi atriði:

I. Hverfisráð

Að virkt hverfisráð sé starfandi á Bakkafirði. Hverfisráð Bakkaflóa tók til starfa á árinu 2019. Hverfisráð starfar skv. erindisbréfi frá Langanesbyggð. Hlutverk þess er að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um málefni Bakkaflóa. Í hverfisráði sitja þrjú fulltrúar íbúa Bakkaflóa og tveir til vara. Hverfisráðið fundar eftir erindum, efnum og ástæðum þó aldrei sjaldnar en ársfjórðungslega. Á verkefnistíma *Betri Bakkafjörður* er hverfisráð stutt af verkefnisstjóra, sem situr fundi ráðsins, starfar að tilteknum verkefnum og fylgir málum eftir.

II. Dagvistunar- og skólamál

Langanesbyggð, í samstarfi við hverfisráð Bakkaflóa, mun taka eftirfarandi skref í skóla- og dagvistunarmálum með það fyrir augum að gera Bakkafjörð að aðlaðandi búsetukosti fyrir ungar fjölskyldur:

- Unnið verður að mótun nýrrar skólastefnu fyrir sveitarfélagið á árinu 2022.
- Þar til raunhæft verður að reka leik- og grunnskólakennslu á Bakkafirði, miðað við fjölda barna á hverjum tíma, er stuðst við ákveðnar viðmiðanir um dagvistunar- og skólamál sem birt eru í kafla 3 (NÁNARI RÖKSTUÐNINGUR OG MAT Á STÖÐU), undir liðnum „Dagvistunar- og skólamál“.

III. Umhverfismál

Langanesbyggð, hverfisráð og íbúar munu grípa til eftirfarandi aðgerða í umhverfismálum:

- Íbúar halda umhverfi sínu snyrtilegu og umhverfisátak verði með reglubundnum hætti. Þjónustumiðstöð Langanesbyggðar skipuleggur umhverfisátak í samráði við hverfisráð.
- Langanesbyggð aðstoðar íbúa við fegrun umhverfis m.a. með því að aðstoða við að fjarlægja stærri hluti eftir atvikum.
- Langanesbyggð hefur endurskoðun á stefnu sveitarfélagsins í urðunarmálum sem tekur mið af [almennri stefnu íslenska ríkisins um meðhöndlun úrgangs 2021-2032](#). Hætt verður að urða sorp á Bakkafirði innan tilskilins tímaramma og nýr urðunarstaður tekinn í notkun.

IV. Stuðningur ríkis við eflingu byggðar við Bakkaflóa

- i. Ríkið styðji við sókn í samfélaginu á Bakkafirði svo sem unnt er innan heimilda hverju sinni. Þessi stuðningur taki meðal annars til eftirfarandi atriða:
 - a) Þátttaka Byggðastofnunar í verkefninu *Betri Bakkafjörður* undir hatti Brothættra byggða samkvæmt samningi þar að lútandi til loka árs 2023 með þeim fyrirvörum sem getið er um í samningnum, meðal annars um fjármögnun Brothættra byggða og árangur af verkefninu *Betri Bakkafjörður*. Markmið hafa verið skilgreind í verkefnisáætlun *Betri Bakkafjarðar*. Verkefnisstjóri er starfandi á tímabilinu og styrkir veittir til frumkvæðisverkefna. Ætla má að árlegt framlag ríkisins sé af stærðargráðunni 17. m.kr., auk vinnuframlags starfsmanna Byggðastofnunar í tengslum við verkefnið.

- b) Áfram verði unnið að endurbótum á vegi á milli Bakkafjarðar og Þórshafnar. Skv. Samgönguáætlun verður vegurinn um Brekknaheiði endurnýjaður á árunum 2023-2024.
 - c) Byggðastofnun nýti heimildir til samstarfs um aflamark við útgerðir og fiskvinnslur á Bakkafirði svo sem árangur gefur tilefni til.
 - d) Leitast verði við að nýta ýmis verkfæri byggðaáætlunar og aðgerðir, svo og styrki úr öðrum áætlunum og sjóðum í þágu samfélags við Bakkaflóa. Dæmi um aðgerðir í gildandi byggðaáætlun (2018-2024) sem horft hefur verið til eru eftirfarandi: A.1 *Ísland ljóstengt*, A.9 *Verslun í strjálbýli*, A.10 *Almenningssamgöngur um allt land*, A.14 *Jöfnun orkukostnaðar*, B.1 *Þrífösun rafmagns*, B.8 *Fjarvinnslustöðvar* og C.1 *Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða*. Einnig hefur stuðningur fengist frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða og í gegn um Sóknaráætlun Norðurlands eystra/Uppbyggingarsjóð.
 - e) Leitast verði við að fjármagna og koma upp starfsstöð náttúrurannsókna á Bakkafirði svo sem kveðið er á um í skýrslu ráðherraskipaðrar nefndar frá nóvember 2018.
- ii. Aðrar aðgerðir. Ekki er í ofangreindum lista komið inn á aðrar aðgerðir sem mögulega kunna að felast í samstarfi ríkis og Langanesbyggðar en þar mætti nefna hafnarbætur í Bakkafjarðarhöfn og forathuganir vegna mögulegrar stórskipahafnar í Finnafirði.



3. Nánari rökstuðningur og mat á stöðu

Í þessum kafla er nánari útlitun á áherslum hverfisráðs og sveitarstjórnar Langanesbyggðar, sem og mat á stöðu byggðarlagsins út frá einstaka liðum samfélagsáttmálans.

I. Hverfisráð

Sveitarstjórn setti hverfisráð Bakkafjarðar á fót á árinu 2019. Þrír fulltrúar íbúa sitja í ráðinu og tveir fulltrúar eru til vara. Hverfisráð Bakkafjarðar var með tillögur að samfélagsáttmála til umræðu veturinn 2020-2021 á fundum sínum. Hverfisráð lagði fram tillögur um áherslur í eflingu byggðar í Bakkafirði sem fléttast inn í umræðu um sáttmálann (sjá viðauka I). Auk þeirra tekur hverfisráð undir tillögur starfshóps um málefni byggðarinnar við Bakkaflóa frá febrúar 2018 til ríkisstjórnar Íslands (sjá viðauka III). Enn fremur er stuðst við skýrslu ráðherraskipaðrar nefndar um málefni byggðarinnar við Bakkaflóa frá nóvember 2018, sjá [hér](#).

Vert er að taka fram að tillögur hverfisráðs hafa verið teknar fyrir og samþykktar af sveitarstjórn Langanesbyggðar.

II. Dagvistunar- og skólamál

Skýr skólaúrræði þurfa að vera til staðar á Bakkafirði sem henta ef ungt fólk á að geta sest að á svæðinu. Sveitarstjóri Langanesbyggðar óskaði eftir hugleiðingum frá Miðstöð Skólaþróunar HA um möguleika á skólagöngu barna í Bakkafirði með hliðsjón af stöðu sem þar er. Gunnar Gíslason forstöðumaður Skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri skilaði minnisblaði um málefnið, *Skólaganga barna í Bakkafirði* í nóvember 2020 (sjá viðauka IV). Að teknu tilliti til/á grundvelli 2. gr. leikskólalaga nr. 90/2008 og 2. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 (sjá viðauka IV) og greiningar á stöðu skólamála byggðarlagsins verður stuðst við eftirtaldar viðmiðanir þar til þar til raunhæft verður að reka leik- og grunnskólakennslu á Bakkafirði:

- i. Þess verði gætt við endurskoðun skólastefnu Langanesbyggðar að hagsmunum barna í Bakkafirði og öðru dreifbýli verði tryggt gott aðgengi að menntun og fræðslu við hæfi hverju sinni. Gott aðgengi að skólum og fræðslu er lykilatriði til að byggð megi þróast til framtíðar.
- ii. Hagur barna skal vera í forgangi sbr. 2. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og 2. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008, sjá í viðauka 2.
- iii. Öllum börnum, á leik- og grunnskólaaldri, með lögheimili á Bakkafirði skal standa til boða daglegur akstur til og frá skóla alla skóladaga. Sé það mat skólastjóra og að foreldrar eða forráðamenn óski þess að börn þurfi fylgd í akstri, skal boðið upp á slíkt í skólabifreiðum.
- iv. Skólastjóri grunnskólans á Þórshöfn skal á hverjum tíma vinna með foreldrum og forráðamönnum barna á Bakkafirði að skipulagningu náms- og kennsluúrræða með það að markmiði að koma til móts við börn þegar ófært er t.d. vegna veðurs og til að draga úr akstri barna, eftir því sem hægt er. Þetta skal reynt með fjarkennslu úrræðum, mögulega skólaseli, blöndun heima- og fjarnáms eða með öðrum hætti sem mögulegt er og rúmast innan kennsluskrár viðkomandi barna.
- v. Skólastjóri Barnabóls skal, vinna í samvinnu við velferðar- og fræðslunefnd og sveitarstjóra, að náms- og dvalarúrræðum á Bakkafirði, hvort sem er tilfallandi eða í lengri tíma í senn. Hér er t.d. átt við heimgreiðslur til foreldra eða dagvistun í heimahúsi eða í öðru húsnæði.
- vi. Sé það mat skólastjóra að leikskólabörn þurfi fylgd í akstri og foreldrar eða forráðmenn æskja þess, skal boðið upp á slíkt í skólabifreiðum. Einnig eru möguleikar á að foreldrar fái endurgreiðslu aksturs barna í leikskóla skv. samkomulagi við sveitarstjóra.
- vii. Sveitarfélagið er ábyrgt fyrir að farið sé að lögum um leik- og grunnskóla að fullu.

III. Umhverfismál

- i. Umhverfismál. Lögð verði áhersla á að íbúar haldi umhverfi sínu snyrtilegu með reglulegum tilteknum ef með þarf. Langanesbyggð aðstoði íbúa við að fjarlægja stóra hluti eins og gamla bíla, gáma o.fl.
- ii. Hverfisráð Bakkafjarðar leggur áherslu á að fundið verði annað úrræði til förgunar úrgangs en urðun á Bakkafirði. Ljóst er að aðkoma ríkisins að lausn þessa máls er nauðsynleg. Er það bæði vegna aukinna krafa um flokkun og endurnýtingu sorps og mikilla vegalengda og þar af leiðandi kostnaðar við úrvinnslu og endurvinnslu á svæðinu.
- iii. Hafin er endurskoðun á stefnu sveitarfélagsins í urðunarmálum. Talsverður árangur hefur náðst á undanförunum árum hjá íbúum sveitarfélagsins í betri flokkun sorps og því fer minna magn í urðun en áður. Markmið sveitarfélagsins er að draga úr urðun á Bakkafirði sem nemur um 4% á ári til ársins, skv. umhverfisstefnu fyrir urðunarstaðinn. Enn fremur þarf sveitarfélagið að uppfylla ákvæði í gildandi ákvæðum og væntanlegum ákvæðum um tilskipanir Evrópusambandsins. Ljóst er að flutningur efnis til endurvinnslu verður sveitarfélaginu kostnaðarsamur vegna fjarlægða, en aka þarf efni, miðað við núverandi aðstæður, til höfuðborgarsvæðisins eða um 650 km miðað við núverandi aðstæður. Nú liggja fyrir drög að verkefnalýsingu, unnin af Stefáni Gíslasyni umhverfisfræðingi, dags. í janúar 2021, um aðgerðir sveitarfélags til að draga úr urðun og bæta flokkun endurvinnslu í sveitarfélaginu. Stefnt er að ljúka þessari stefnumótunarmálinu veturinn 2021-2022.
- iv. Þá er nauðsynlegt að frekari styrkjum verði veitt til að endurgera gömul hús á svæðinu og gera skáldum og öðrum listamönnum af svæðinu góð skil. Í gömlum húsum er mikil saga og menningarleg verðmæti sem treysta tengsl íbúa við byggðarlagið.

IV. Stuðningur ríkis við eflingu byggðar við Bakkaflóa

Aðgerðir ríkis til eflingar byggðar við Bakkaflóa

- a) **Brothættar byggðir.** Verkefnið hófst í júní 2019. Unnið er að 28 markmiðum sem íbúar settu fram á fyrsta íbúapönginu sem haldið var. Verkefni eru fjölbreytt og snerta flesta þætti samfélagsins. Unnið er að ýmsum framfaramálum í byggðarlaginu undir merkjum verkefnisins. Veittir hafa verið styrkir að þriðja tug milljóna króna í tveimur úthlutunum til samfélagsefandi verkefna á vegum verkefnisins. Hverfisráð lýsir ánægju með störf verkefnisins Betri Bakkafjörður og þau verkefni sem unnin hafa verið á vegum þess. Sjá nánar um verkefnið í viðauka II. Sjá ársskýrslur verkefnisstjóra fyrir árin [2019](#) og [2020](#).

i. Aðrir styrkir

- *Gisting og veitingar.* Á árinu 2019 lagði ríkið fram 9 m.kr. styrk til að flýta uppbyggingu á gistiþjónustu í skólahúsinu og til að koma upp aðstöðu til veitinga- og samkomustaðar, auk vísis að dagvöruverslun í Búðinni á Bakkafirði. Langanesbyggð hefur einnig lagt verulega fjármuni í verkefnið og er með samning við rekstraraðila um að veita þjónustuna. Sveitarfélagið hófst handa í ársbyrjun 2019 við endurbyggingu á verslunarhúsnæðinu að Hafnartanga 4 og breytingar á grunnskólahúsnæðinu við Skólagoðu 5 sem gistiheimili. Þeim framkvæmdum er að langmestu leyti lokið. Þá hafa laun starfsmanns við ofangreind verkefni verið styrkt með mánaðarlegum greiðslum frá sveitarfélaginu skv. samningi við rekstraraðila. Þeim styrkveitingum lauk í mars 2021. Nýr rekstraraðili hefur tekið við rekstri gistiheimilisins, verslunar og tjaldsvæðis frá og með 1. mars 2021.

- b) Samgöngur.** Hverfisráð fagnar þeim áföngum sem þegar hafa náðst eða eru í framkvæmd og undirbúningi, þar með talið bundið slitlag milli Bakkafjarðar og Þórshafnar. Það blasir við að góðar samgönguleiðir innan sveitarfélagsins eru grundvöllur þess að sveitarfélagið virki sem ein heild. Framkvæmdum við nýjan veg á Langanesströnd milli Bakkafjarðar og Þórshafnar má heita lokið. Ríflega 20 kílómetrar hafa verið endurbýggðir og lagðir bundnu slitlagi í þessari lotu endurbóta á veginum um Langanesströnd. Þetta er leiðin austan frá Skeggjastöðum í Bakkafirði að Gunnólfsvík í Finnafirði. Þá er eftir aðeins leiðin um Brekknaheiði austan Þórshafnar, eða um sex kílómetrar.
- c) Sjávarútvegur.** Mikilvægt er að byggðakvóti á Bakkafirði sé nægilega mikill til að veiðar og vinnsla geti verið stundaðar út frá Bakkafjarðarhöfn því sem næst allt árið. Þegar þetta er ritað eru í gildi samningar um alls 400 þig tonn við tvö fyrirtæki á Bakkafirði. Mikil sóknarfæri geta verið fólgin í vinnslu aukaafurða í sjávarútvegi og því nauðsynlegt að verkefni af því tagi séu könnuð til hlítar.
- d) Stefnumótandi áætlanir og tengdir sjóðir.** Sveitarfélagið Langanesbyggð, hverfisráð og byggðaðróunarverkefnið *Betri Bakkafjörður* leitast við að nýta ýmis verkfæri gildandi byggðaaáætlunar (2018-2024) og aðgerðir, svo og styrki úr öðrum áætlunum og sjóðum í þágu samfélags við Bakkaflóa. Þegar hefur verið gripið til eftirfarandi aðgerða:
- i. A.1 Ísland ljóstengt
 - Skv. Samningi um verkefnið Ísland ljóstengt hafa ríkið, Langanesbyggð og íbúar lagt ljósleiðara í dreifbýlið við Bakkaflóa og í tengipunkt(a) á Bakkafirði. Öllum húseigendum í þorpinu var boðin tenging og ætla má að haldið verði áfram á sömu braut á næstu árum. Hverfisráð fagnar ljósleiðaratengingu í Bakkafirði sem er grundvöllur starfa án staðsetningar og samskipta á 21. öldinni.
 - ii. A.9 Verslun í strjálbýli
 - Verslunar-/pöntunarþjónusta. Sjóður á grundvelli stefnumótandi byggðaaáætlunar veitti á árinu 2019 styrk að upphæð 1,5 m.kr. til að koma á pöntunarþjónustu í Búðinni á Bakkafirði.
 - iii. A.10 Almenningsamgöngur um allt land
 - Nýverið fékkst styrkur að upphæð kr. 1,2 m.kr. til verkefnisins *Heilsueflandi almenningsamgöngur*. Styrkfjárhæðin mun nýtast til þarfagreiningar og undirbúnings o.fl.
 - iv. B.8 Fjarvinnslustöðvar
 - Meðal verkefna sem verkefnisstjórn Betri Bakkafjarðar telur mikilvægt að geti orðið að veruleika eru störf í fjarvinnslu. Aðstaða til fjarvinnu er mjög góð á Bakkafirði bæði hvað varðar húsnæði og gæði netsambands. Verkefnisstjóri vann með forstöðumanni Þjóðaskjalasafns Íslands um aðkomu safnsins að tveimur fjarvinnslustörfum á Bakkafirði. Safnið sendi inn umsókn um fjármagn haustið 2020 en ekki reyndist unnt að veita fjármagn til verkefnisins. Fullur áhugi er fyrir því að vinna þetta mál áfram og sækja um aftur.
 - v. C.1 Sértek verkefni sóknaráætlanasvæða
 - Unnið hefur verið að því á vegum verkefnisstjórnar að tryggja fjármagn til að standa undir stöðu tveggja stöðugilda í fjarvinnslu. Sótt var í C.1 vegna þessa. Sjá einnig undir lið (iv) hér á undan.
 - vi. Jöfnun orkukostnaðar
 - Orkustofnun. Orkustofnun og Orkusetur buðu íbúum á Bakkafirði upp á styrki til orkusparandi aðgerða á húsum í tengslum við verkefnið Betri Bakkafjörð og hafa þó

nokkrir aðilar nýtt sér þá möguleika. Orkusetrið veitti einnig sveitarfélaginu styrk til að kaupa og setja upp hleðslustöðvar fyrir rafbíla á Þórshöfn og Bakkafirði.

vii. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

- Framkvæmdasjóður ferðamannastaða veitti styrk að upphæð 30 m.kr. til að bæta aðstöðu á Hafnartanganum á Bakkafirði. Fyrsti áfangi verkefnisins sem hefur vinnuheimið **“Hafnartangi á Bakkafirði - áningarstaður við ysta haf”** er nú langt kominn. Unnið eftir skipulagi sem starfsmann Teiknistofu Norðurlands hafa unnið og sveitarstjórn hefur samþykkt. Vinna er þegar hafin við gerð göngustíga, útsýnisstaða og undirbúningur hafinn við gerð náttúrulegar. Gert er ráð fyrir um 20% framlagi að hálfu sveitarfélagsins til verkefnisins. Sótt hefur verið um viðbótarfjármagn í verkefnið. Auk þess er unnið að öðrum endurbótum fyrir ferðamenn m.a. með styrk úr verkefnasjóðum Betri Bakkafjarðar.

viii. Sóknaráætlun Norðurlands eystra/Uppbyggingarsjóður

- Uppbyggingarsjóður veitir styrki til atvinnulífs og menningar og má ætla að möguleikar Bakkfirðinga til að fá stuðning aukist jafnt og þétt með aukinni reynslu í tengslum við verkefnið Betri Bakkafjörð.

e) Starfsstöð náttúruvannsóknna. Unnið hefur verið að því á vegum verkefnisstjórnar að tryggja fjármagn til að standa undir stöðu náttúrufræðings á svæðinu.

Aðrar aðgerðir til eflingar byggðar við Bakkaflóa

- Fyrri part ársins 2021 var ráðist í viðgerðir á varnargarði hafnarinnar við Bakkafjörð og innsiglingin dýpkuð svo aðeins á eftir að mæla upp siglingaleiðina. Kostnaður er áætlaður um 40 m.kr. Einnig hefur verið sett bundið slitlag á helstu akstursleiðir. Í kjölfarið eru fyrirhugaðar aðrar lagfæringar á hafnarsvæðinu, s.s. að bæta aðstöðu og fjarlægja allt rusl af svæðinu. Þetta verður gert samhliða vinnu við nýtt skipulag hafnarsvæðisins.
- Sveitarfélagið lét setja nýja flotbryggju í Bakkafjarðarhöfn sem eykur legupláss við höfnina og ætlunin er að komið verði olúafgreiðslu fyrir báta við hana. Þar með hefur bæði viðlegupláss verið aukið og olúafgreiðsla bætt. Nýr hafnarkrani var settur upp 2019 og gert við þann eldri á árinu 2020. Þá er fyrirhugað að koma nýjum skúr fyrir við höfnina fyrir hafnarvörð.
- Lokið hefur verið að mála vatnstank en leitað verður eftir verktaka til að gera við bæjargirðinguna vorið 2022.
- Meðal verkefna sem hlotið hafa styrki á vegum verkefnisins Betri Bakkafjörður er gerð myndbands um Bakkafjörð sem dreift hefur verið á samfélagsmiðla og merking gönguleiða að þekktum stöðum á svæðinu. Í framhaldinu er gert ráð fyrir að sett verði upp upplýsingaskilti við áningarstaði sem eiga skírskotun í sögu byggðarinnar við Bakkaflóa.
- Samhliða uppbyggingu Bakkafjarðar leggur Hverfisráð Bakkafjarðar áherslu á að byggð í dreifbýli verði styrkt og unnið verði að því að koma jörðum í ábúð ný eftir því sem mögulegt er.
- Nauðsynlegt er að frekari styrkjum verði veitt til að endurgera gömul hús á svæðinu og gera skáldum og öðrum listamönnum af svæðinu góð skil. Í gömlum húsum er mikil saga og menningarleg verðmæti sem treysta tengsl íbúa við byggðarlagið
- Framboð þarf að vera á félagstarfi í samstarfi íbúa, fyrirtækja, félagasamtaka og sveitarfélags, eða slíkt aðgengilegt með almenningsamgöngum. Sveitarfélagið í samvinnu við verkefnisstjóra Betri Bakkafjarðar vinnur nú að þarfagreiningu og verkefnisáætlun fyrir *Heilsueflandi almenningsamgöngur* og hefur hlotið til þess styrk, sjá að ofan.

- Framboð og aðgengi að íþróttum fyrir íbúa á svæðinu t.d. með dreifðri starfsemi félaga eða almenningsamgöngum. Sveitarfélagið í samvinnu við verkefnisstjóra Betri Bakkafjarðar vinnur nú að þarfagreiningu og verkefnisáætlun fyrir *Heilsueflandi almenningsamgöngur* og hefur hlotið til þess styrk, sjá að ofan.
- Heimilishjálp, fyrir þá sem hana þurfa, verður að vera til staðar.
- Langesbyggð í samvinnu við UMFL og Brothættar byggðir kom upp ærslabelg á árinu 2021, jafnframt er unnið er að því að koma upp frísbíggfelli.
- Menningarstarfsemi. Mikil tækifæri felast í að kynna verk listamanna og skálda sem eiga rætur til Bakkaflóa, eins og Kristján frá Djúpalæk og Örn Arnarsson sem dæmi.




4. Samantekt vegna samfélagssáttmála

Hverfisráð leggur áherslu á að hinni neikvæðu byggðapróun undangenginna 20 ára verði snúið við og samfélagið fái tækifæri til að byggjast upp að nýju. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að aðgerðir bæði ríkis og sveitarfélaga stuðli að því og samfella verði í aðgerðum. Enn fremur að staðið verði við þau fyrirheit sem gefin hafa verið.

I. Aðdragandi aðgerða

Íbúum Bakkafjarðar og nærsveita hefur fækkað mikið frá síðustu aldamótum, sbr. mynd. Flestir voru íbúar skráðir þar 154 árið 2001 en eru nú 75. Þetta er því um 51% fækkun á þessum tveimur áratugum. Fækkunin nær yfir alla aldurshópa. Þótt íbúum á „vinnualdri“ milli 20-65 ára hafi fækkað úr 97 í 56, hefur hlutfall þeirra farið úr um 63% íbúa árið 2001 í tæp 75% tveimur áratugum síðar. Samhliða fækkun íbúa hefur störfum á Bakkafirði fækkað líka á tímabilinu sem og allri þjónustu.

Upphaf vinnu og tillögugerðar við skjóta styrkari stoðun undir byggð við Bakkafjörð má rekja til samþykktar 65. fundar sveitarstjórnar Langanesbyggðar 8. júní 2017, þegar samþykkt var að hefja skoðun á atvinnuástandi Bakkafjarðar og möguleikum á uppbyggingu atvinnu á svæðinu í samstarfi við íbúa með greiningu á stöðu, horfum og möguleikum á atvinnuuppbyggingu á Bakkafirði til lengri tíma.



Í kjölfar samþykktar sveitarstjórnar var efnt til íbúafundar á Bakkafirði og ákvörðun tekin um skipun starfshóps um málefni Bakkafjarðar með aðkomu þriggja þingmanna kjördæmisins, fjögurra sveitarstjórnarmanna, tveggja fulltrúa íbúa og einum frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga og öðrum frá Byggðastofnun auk sveitarstjóra. Starfshópurinn skilaði niðurstöðum til ríkisstjórnarinnar í febrúar 2018.

Í framhaldi tillagna þess vinnuhóps var í mars 2018, skipaður vinnuhópur fulltrúa fimm ráðherra sem hafði það hlutverk að skila tillögum til ríkisstjórnarinnar um viðbrögð stjórnvalda. Niðurstöður þess hóps lágu fyrir í nóvember sama ár. Þar er lagt til m.a. að er lagt til að gerður verði samfélagssáttmáli, milli íbúa, sveitarfélags og ríkis. Tillögurnar eru birtar í skýrslu nefndarinnar dags. 16. nóvember 2018. Ekki eru til fordæmi fyrir sáttmála af þessu tagi og því er um frumraun hér að ræða.

Auk þess segir það að mati nefndarinnar er brýnt að byggðin verði tekin inn í verkefnið *Brothættar byggðir* eins fljótt og verða má. Lagt var til að 40 m.kr. verði lagt til verkefnisins á ári í fimm ár og að samningur þar að lútandi verði gerður til tveggja ára og að þeim tíma liðnum endurskoðaður og stað verkefnisins metin. Í framhaldi af því verði tekin ákvörðun um framlengingu þess um þrjú ár.

II. Væntingar við sameiningu sveitarfélaga og fyrirætlanir við sameiningu sveitarfélaga 2006

Skv. kynningarbæklingi, *Sameining til sóknar*, sem dreift var til allra kjósenda að hálfu sveitarstjórna Skeggjastaðahrepps og Þórshafnarhrepps fyrir kosningar um sameiningu sveitarfélaganna tveggja kom m.a. fram:

- Að með sameiningu megi bæta þjónustuna við bæði íbúanna og atvinnulífið töluvert m.a. fyrir tilstuðlan Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, auðga mannlífið o.fl.
- Það var metið svo að sameinuðu sveitarfélagi gengi betur að fá vegbætur milli byggðakjarnana í gegn.
- Skrifstofa sveitarfélags yrði opin Bakkafirði einnig og ráðið í þrjú ný stöðugildi, fulltrúa sveitarstjóra staðsettur á Bakkafirði, ferða- og atvinnumálafulltrúa og íþróttá- og tómstunda.

Fyrir atkvæðagreiðsluna lá fyrir yfirlýsing frá Jöfnunarsjóði um allt að fimm ára greiðslur til að standa undir endurskipulagningu þjónustu og stjórnsýslu.

Auk annarra atriða sem nefnd voru í bæklingnum voru atriði eins og aukin áhersla yrði lögð á íbúalýðræði með reglubundnum íbúðingum og að íbúum væri gefinn kostur á að taka virkan þátt í mótun sveitarfélagsins. Skólana átti að sameina, en deildir leikskóla og grunnskóla (1-7 bekkur) yrði rekin á Bakkafirði og að tónlistarkennslu yrði sinnt í báðum skólahverfum.



5. Viðaukar

I. Viðauki

Tillögur Hverfisráðs Bakkafjarðar, samþykktar af sveitarstjórn Langanesbyggðar¹

Mikilvægt er að byggðakvóti á Bakkafirði sé nægilega mikill til að veiðar og vinnsla geti verið stundaðar út frá Bakkafjarðarhöfn því sem næst allt árið.

Hverfisráð fagnar þeim áföngum sem þegar hafa náðst eða eru í framkvæmd og undirbúningi, þar með talið bundið slitlag milli Bakkafjarðar og Þórshafnar. Það blasir við að góðar samgönguleiðir innan sveitarfélagsins eru grundvöllur þess að sveitarfélagið virki sem ein heild. Eins er fagnað ljósleiðaratenginu í Bakkafirði sem er grundvöllur starfa án staðsetningar og samskipta á 21. öldinni. Enn fremur lýsir hverfaráð ánægju með störf verkefnisins Betri Bakkafjörður og þau verkefni sem unnin hafa verið á vegum þess.

Hverfaráð telur að miðað við núverandi aðstæður sé ekki tilefni til að gera tilraun almenningsamgöngur milli Bakkafjarðar og Þórshafnar að svo stöddu a.m.k.

Mikil sóknarfæri geta verið fólgin í vinnslu aukaafurða í sjávarútvegi og því nauðsynlegt að verkefni af því tagi séu könnuð til hlítar. Samhliða uppbyggingu Bakkafjarðar leggur Hverfisráð Bakkafjarðar áherslu á að byggð í dreifbýli verði styrkt og unnið verði að því að koma jörðum í ábúð ný eftir því sem mögulegt er.

Þá er nauðsynlegt að frekari styrkjum verði veitt til að endurgera gömul hús á svæðinu og gera skáldum og öðrum listamönnum af svæðinu góð skil. Í gömlum húsum er mikil saga og menningarleg verðmæti sem treysta tengsl íbúa við byggðarlagið.

Þá leggur Hverfaráð Langanesbyggðar um málefni Bakkafjarðar áherslu á að eftirtöldum atriðum verði hrundið í framkvæmd:

1. Lágmarks verslunar- og þjónustuúrræði verða að vera til staðar bæði fyrir íbúa og ferðamenn sem til Bakkafjarðar koma. Hér er átt við eins konar pöntunarþjónustu á nauðsynjavörum, lágmarks framboð af algengum dagvörum og veitingum. Þessu verkefni verði ekki komið á laggirnar nema með opinberri aðstoð og virkri þátttöku íbúa. Búið er að vinna mikla vinnu í undirbúningi með stuðningi ríkisins og Langanesbyggðar og vonir standa til að rekstur geti hafist með nýjum rekstraraðilum vorið 2021.
2. Skýr skólaúrræði þurfa að vera til staðar á Bakkafirði sem henta ef ungt fólk á að geta sest að á svæðinu. Þar til raunhæft er að reka leik- og grunnskólakennslu á Bakkafirði skal stuðst við eftirtaldar viðmiðanir:
 - 2.1. Þess verði gætt við endurskoðun skólastefnu Langanesbyggðar að hagsmunum barna í Bakkafirði og öðru dreifbýli verði tryggt gott aðgengi að menntun og fræðslu við hæfi hverju sinni. Gott aðgengi að skólum og fræðslu er lykilatriði til að byggð megi þróast til framtíðar.
 - 2.2. Hagur barna skal vera í forgangi sbr. 2. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og 2. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008, sjá í viðauka 2.

¹ Tillögur Hverfisráðs Bakkafjarðar unnar á vordögum 2021 og samþykktar á [127. fundi](#) sveitarstjórnar Langanesbyggðar, 10. júní það sama ár. Lokadrög sáttmálans samþykkt á [133. fundi](#) sveitarstjórnar, 2. desember 2021.

- 2.3. Öllum börnum, á leik- og grunnskólaaldri, með lögheimili á Bakkafirði skal standa til boða daglegur akstur til og frá skóla alla skóladaga. Sé það mat skólastjóra og að foreldrar eða forráðamenn óski þess að börn þurfi fylgd í akstri, skal boðið upp á slíkt í skólabifreiðum.
- 2.4. Skólastjóri grunnskólans á Þórshöfn skal á hverjum tíma vinna með foreldrum og forráðamönnum barna á Bakkafirði að skipulagningu náms- og kennsluúrræða með það að markmiði að koma til móts við börn þegar ófært er t.d. vegna veðurs og til að draga úr akstri barna, eftir því sem hægt er. Þetta skal reynt með fjarkennslu úrræðum, mögulega skólaseli, blöndun heima- og fjarnáms eða með öðrum hætti sem mögulegt er og rúmast innan kennsluskrár viðkomandi barna.
- 2.5. Skólastjóri Barnabóls skal, vinna í samvinnu við velferðar- og fræðslunefnd og sveitarstjóra, að náms- og dvalarúrræðum á Bakkafirði, hvort sem er tilfallandi eða í lengri tíma í senn. Hér er t.d. átt við heimgreiðslur til foreldra eða dagvistun í heimahúsi eða í öðru húsnæði.
- 2.6. Sé það mat skólastjóra að leikskólabörn þurfi fylgd í akstri og foreldrar eða forráðmenn æskja þess, skal boðið upp á slíkt í skólabifreiðum. Einnig eru möguleikar á að foreldrar fái endurgreiðslu aksturs barna í leiksskóla skv. samkomulagi við sveitarstjóra.
- 2.7. Sveitarfélagið er ábyrgt fyrir að farið sé að lögum um leik- og grunnskóla að fullu.
3. Framboð þarf að vera á félagstarfi í samstarfi íbúa, fyrirtækja, félagasamtaka og sveitarfélags, eða slíkt aðgengilegt með almenningssamgöngum.
4. Framboð og aðgengi að íþróttum fyrir íbúa á svæðinu t.d. með dreifðri starfsemi félaga eða almenningssamgöngum.
5. Heimilishjálp, fyrir þá sem hana þurfa, verður að vera til staðar.
6. Markmið sveitarfélagsins þarf að vera að koma upp frísbíggvelli og ærslabelg á árinu 2021 að hálfu Langesbyggðar mögulega í samvinnu við UMFL og Brothættar byggðir.
7. Menningarstarfsemi. Mikil tækifæri felast í að kynna verk listamanna og skálda sem eiga rætur til Bakkaflóa, eins og Kristján frá Djúpalæk og Örn Arnarsson sem dæmi.
8. Umhverfismál. Lögð verði áhersla á að íbúar haldi umhverfi sínu snyrtilegu með reglulegum tiltektum ef með þarf. Langesbyggð aðstoði íbúa við að fjarlægja stóra hluti eins og gamla bíla, gáma o.fl.
9. Hverfisráð Bakkafjarðar leggur áherslu á að fundið verði annað úrræði til förgunar úrgangs en urðun á Bakkafirði. Ljóst er að aðkoma ríkisins að lausn þessa máls er nauðsynleg. Er það bæði vegna aukinna krafa um flokkun og endurnýtingu sorps og mikilla vegalengda og þar af leiðandi kostnaðar við úrvinnslu og endurvinnslu á svæðinu.

Með því að ofangreindum aðgerðum sé hrundið af stað og í framkvæmd, telur Hverfaráð Bakkafjarðar að grundvöllur sé kominn fyrir uppbyggingu byggðar við Bakkaflóa til framtíðar. Þar til að þessu marki hefur verið náð, telur Hverfaráð Bakkafjarðar nauðsynlegt að byggðarlagið sé undir verkefninu brothættar byggðir.

II. Viðauki

Yfirlit yfir aðgerðir og viðbrögð

Eftirfarandi er stutt yfirlit um þær aðgerðir sem bæði sveitarfélag, ríkisvaldið og stofnanir þess hafa hrint í framkvæmd eða stutt með fjárveitingum.

Brothættar byggðir

Verkefnið hófst 1. júní 2019. Samhliða því tók til starfa verkefnisstjórn skipuð átta fulltrúum. Verkefnisstjórn réði verkefnisstjóra til starfa frá sama tíma til tveggja ára. Í framhaldi af vinnu nefndarinnar og íbúafundum sem haldnir voru á Bakkafirði var farið af stað með 28 markmið sem unnið skyldi að við uppbyggingu samfélagsins á Bakkafirði. Verkefnin eru fjölbreytt og snerta flesta þætti samfélagsins. Verkefnisstjórn metur reglulega árangur verkefnanna og stöðu þeirra. Nefndinni telst til að um 13 verkefnum sé lokið eða þau séu á lokametrunum.

Um þau verkefni sem hlotið hafa styrk og ekki hafa farið af stað, gilda ákvæði í samningi um heimild verkefnisstjórnar til að innkalla þann hluta styrksins sem hefur verið greiddur út, ári frá úthlutun. Sveitarfélagið hefur staðið að lagningu ljósleiðara um sveitarfélagið sem styrkt hefur verið af Fjarskiptasjóði. Unnið hefur verið að því á vegum verkefnisstjórnar að tryggja fjármagn til að standa undir stöðu náttúrufræðings á svæðinu og tveggja stöðugilda í fjarvinnslu.

Veittir hafa verið styrkir að þriðja tug milljóna króna í tveimur úthlutunum til 15 samfélagsefandi verkefna á Bakkafirði á vegum verkefnisins Betri Bakkafjörður. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða styrkti verkefni á tanganum upp af gömlu höfninni um 30 m.kr. 1. Áfanga verkefnisins sem hefur vinnuheitið **“Hafnartangi á Bakkafirði - áningarstaður við ysta haf”** skal lokið fyrir 1. apríl 2021. Unnið eftir skipulagi sem starfsmann Teiknistofu Norðurlands hafa unnið og sveitarstjórn hefur samþykkt.

Orkusetrið veitti níu húseigendum á Bakkafirði styrki til endurbóta á húsnæðum sínum með orkusparandi aðgerðir að markmiði. Þá veitti sjóðurinn sveitarfélaginu styrk til að kaupa og setja upp hleðslustöðvar fyrir rafbíla á Þórshöfn og Bakkafirði.

Samgöngu- og sveitarstjórnar ráðuneytið veitt á árinu 2019 styrk að upphæð kr. 1,5 m.kr. til að styðja við rekstur verslunar á Bakkafirði.

Meðal verkefna sem hlotið hafa styrki á vegum verkefnisins Betri Bakkafjörður er gerð myndbands um Bakkafjörð sem dreift hefur verið á samfélagsmiðla og merking gönguleiða að þekktum stöðum á svæðinu. Í framhaldinu er gert ráð fyrir að sett verði upp upplýsingaskilti við áningarstaði sem eiga skírskotun í sögu byggðarinnar við Bakkaflóa.

Sveitarfélagið

Framkvæmdir og aðgerðir sveitarfélags

Sveitarfélagið hófst handa í ársbyrjun 2019 við endurbyggingu á verslunarhúsnæðinu að Hafnartanga 4 og breytingar á grunnskólahúsnæðinu við Skólagötu 5 sem gistiheimili. Þeim framkvæmdum er að langmestu leyti lokið. Þá hafa laun starfsmanns við ofangreind verkefni verið styrkt með mánaðarlegum greiðslum frá sveitarfélaginu skv. samningi við rekstraraðila. Þeim styrkveitingum lauk í mars 2021. Nýr rekstraraðili kom að rekstri gistiheimilisins, verslunar og tjaldsvæðis frá og með 1. mars 2021.

Sveitarfélagið fékk á árinu 2020 úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða 30 m.kr. til uppbyggingar á *Hafnartanga – áningarstaður við ysta haf*, sbr. það sem ofan greinir. Þar er vinna hafin við gerð göngustíga, útsýnisstaða og undirbúningur hafinn við gerð náttúrulegar. Gert er ráð fyrir um 20%

framlagi að hálfu sveitarfélagsins til verkefnisins. Sótt hefur verið um viðbótarfjármagn í verkefnið. Auk þess er unnið að öðrum endurbótum fyrir ferðamenn m.a. með styrk úr verkefnasjóðum Betri Bakkafjarðar.

Fyrri part ársins 2021 var ráðist í viðgerðir á varnargarði hafnarinnar við Bakkafjörð og innsiglingin dýpkuð svo aðeins á eftir að mæla upp siglingaleiðina. Kostnaður er áætlaður um 40 m.kr. Einnig hefur verið sett bundið slitlag á helstu akstursleiðir. Í kjölfarið eru fyrirhugaðar aðrar lagfæringar á hafnarsvæðinu, s.s. að bæta aðstöðu og fjarlægja allt rusl af svæðinu. Þetta verður gert samhliða vinnu við nýtt skipulag hafnarsvæðisins.

Sveitarfélagið lét setja nýja flotbryggju í Bakkafjarðarhöfn sem eykur legupláss við höfnina og ætlunin er að komið verði olíuafgreiðslu fyrir báta við hana. Þar með hefur bæði viðlegupláss verið aukið og olíuafgreiðsla bætt. Nýr hafnarkrani var settur upp 2019 og gert við þann eldri á árinu 2020. Þá er fyrirhugað að koma nýjum skúr fyrir við höfnina fyrir hafnarvörð.

Lokið hefur verið að mála vatnstank en leitað verður eftir verktaka til að gera við bæjargirðinguna vorið 2022.

Hafin er endurskoðun á stefnu sveitarfélagsins í urðunarmálum. Talsverður árangur hefur náðst á undanförunum árum hjá íbúum sveitarfélagsins í betri flokkun sorps og því fer minna magn í urðun en áður. Markmið sveitarfélagsins er að draga úr urðun á Bakkafirði sem nemur um 4% á ári til ársins, skv. umhverfisstefnu fyrir urðunarstaðinn. Enn fremur þarf sveitarfélagið að uppfylla ákvæði í gildandi ákvæðum og væntanlegum ákvæðum um tilskipanir Evrópusambandsins. Ljóst er að flutningur efnis til endurvinnslu verður sveitarfélaginu kostnaðarsamur vegna fjarlægða, en aka þarf efni, miðað við núverandi aðstæður, til höfuðborgarsvæðisins eða um 650 km miðað við núverandi aðstæður. Nú liggja fyrir drög að verkefnalýsingu, unnin af Stefáni Gíslasyni umhverfisfræðingi, dags. í janúar 2021, um aðgerðir sveitarfélags til að draga úr urðun og bæta flokkun endurvinnslu í sveitarfélaginu. Stefnit er að ljúka þessari stefnumótunarvinnu veturinn 2021-2022.

Stjórnsýsla

Með nýjum samþykktum fyrir Langanesbyggð, sem tóku gildi í ársbyrjun 2019, var ákveðið að koma á þriggja manna hverfisráðum fyrir dreifbýli og Bakkafjörð. Hlutverk hverfisráða sveitarfélagsins er:

- Að vera formlegur umræðuvettvangur um hagsmunamál og þjónustu sveitarfélagsins fyrir viðkomandi svæði.
- Að vera vettvangur samráðs íbúa, félagasamtaka og atvinnulífs á sínu nærsvæði og sveitarstjórnar.
- Að vera vettvangur fyrir íbúa svæðis til að vera virkir þátttakendur í allri stefnumörkun Langanesbyggðar innan viðkomandi svæðis.
- Að gera tillögur til byggðarráðs um starfsemi og þjónustu innan viðkomandi svæðis/hverfis.
- Að stuðla að hvers konar samstarfi innan svæðis.
- Að vera ráðgefandi fyrir stjórnsýslu sveitarfélagsins og stuðla að eflingu félagsauðs á sínum svæðum.
- Að tengja stjórnkerfi sveitarfélagsins betur íbúum þess og nýta þekkingu þeirra á sínu nánasta umhverfi.

Fundagerðir hverfisráðs eru lagðar fyrir byggðarráð eða sveitarstjórn til staðfestingar. Skv. starfsáætlun sveitarstjóra, er hann með aðsetur á skrifstofu sveitarfélagsins aðra hverja viku á Bakkafirði. Samráð og samstarf við íbúa þróast ört, bæði með bættri tækni og samgöngum. Því er eðlilegt að núverandi fyrirkomulag verði endurskoðað reglulega t.d. við hverjar sveitarstjórnarkosningar.

Með þessu fyrirkomulagi telur sveitarstjórn að komið sé til móts við tillögur um aukið samráð við íbúa við Bakkaflóa.

III. Viðauki

I. Tillögur starfshóps til ríkisstjórnar Íslands um málefni byggðarinnar við Bakkaflóa, frá febrúar 2018

Tillögurnar eru samanteknar:

- M1. Að sértækur byggðakvóti verði a.m.k. 300 þorskígildistonn (Alþingi, Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og Byggðastofnun)
- M2. Lokið verði við lagningu bundins slitlags milli Bakkafjarðar og Þórshafnar (Lýkur 2024)
- M3. Byggð við Bakkaflóa verði tekin í verkefnið Brothættar byggðir (í gangi)
- M4. Átak gert til að efla nærþjónustu með þjónustukjarna (Langanesbyggð, Byggðastofnun og o.fl. samstarfsaðilar) (í gangi)
- M5. Tilraun með almenningssamgöngur til þriggja ára (Langanesbyggð, SSNE, Vegagerðin, Byggðastofnun, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið)

Aðrar tillögur starfshópsins voru í stuttu máli að ...

- a1. Greindir verði möguleikar á vinnslu aukaafurða í sjávarútvegi, s.s. slógi o.fl.
- a2. Skoðaðir verði möguleikar á að koma ríkis og/eða kirkjuförðum á Langanesströnd í ábúð.
- a3. Sett verði sérstakt átakverkefni til eflingar ferðþjónustu í byggðarlaginu í tengslum við stefnumótandi ferðamálaáætlun (DMP) fyrir allt Norðurland.
- a4. Skoðað verði að reka skólasel á leik- og grunnskólastigi með faglærðum kennara.
- a5. Íbúasamtök verði virkjuð.
- a6. Endurgerð gamla húsa verði sinnt.
- a7. Menningarverkefni við skáldin af svæðinu verði styrkt.

Tekið skal fram að margt hefur áunnist og annað í undirbúningi eða í framkvæmd. Annað stendur út af borðinu og er nauðsynlegt að lokið verði við þennan verkefnalista.

Vegna nánari upplýsinga er vísað til upplýsinga og skýrslna vegna verkefnisins Betri Bakkafjörður sem hægt er að nálgast á heimasíðu SSNE og hægt er sjá hér:

<https://www.ssne.is/is/malaflokkar/atvinnuradgjof-og-throun/brothaettar-byggdir/betri-bakkafjordur>

II. Tillögur ráðherraskipaðrar nefndar, frá nóvember 2018 .

Tillaga 4 – Samfélagssáttmáli um m.a. þjónustu og umhverfismál:

Að frumkvæði sveitarstjórnar verði gerður *samfélagssáttmáli* á milli sveitarstjórnar, íbúasamtaka (tillaga a5) og ríkis. Þar verði meðal annars lýst yfir vilja til að snúa við neikvæðri byggðaþróun og settar fram skuldbindingar hvers aðila fyrir sig. Í sáttmálanum verði jafnframt komið inn á aðrar tillögur starfshópsins og gerð grein fyrir þeim atriðum sem aðilar málsins vilja taka fyrir. Varast ber þó að ætla að slíkur samningur taki á öllum atriðum sem leysa mætti með samstarfi í framhaldinu, til dæmis á vettvangi verkefnisins *Brothættra byggða* og því samtali sem þar fer fram á milli aðila. Í umræddum samfélagssáttmála mætti taka á ýmsum málum en nefndin bendir á eftirfarandi atriði sem hún telur skipta máli:

a) Að átak verði gert í að efla nærþjónustu. Það mætti gera með því að opna verslun með brýnustu dagvörur ásamt því að hafa kaffihorn til skrafs og ráðagerða fyrir íbúa. Það er raunar þegar á dagskrá hjá Langanesbyggð að lagfæra verslunarhúsnæði og koma á fót viðeigandi þjónustu í verslun (tillaga

M4). Enn fremur verði lögð áhersla á að ná sátt um skólasel eða annað form grunn- og leikskólaþjónustu svo að barnafólk geti sest að á Bakkafirði (tillaga a4). Sveitarstjórn hefur einnig ákveðið að koma á reglulegri viðveru sveitarstjóra og er það gott innlegg í aukin og bætt samskipti.

Samkvæmt því sem sjá má í reifun nefndarinnar er sú staða óhugsandi með tilliti til sjálfsmyndar og stöðu byggðarlagsins að ekki sé aðgangur að dagvöru í byggðinni. Nefndin telur að lágmarksþjónusta í verslun, samfara aðstöðu til samveru og eftir atvikum annarri þjónustu, sé til þess fallin að auka samstöðu íbúa og hvetja þá til frekari viðleitni í þágu samfélagsins. Ljóst er að sveitarfélagið þarf að finna lausn á þessu í samstarfi við íbúa en rætt hefur verið um leiðir til að styðja við verkefnið með ýmsu móti. Sveitarfélagið hefur þegar uppi áform um verslunarþjónustu. Ljóst er að það er algert grundvallaratriði að komið verði á einhverjum valkosti í grunn- og leikskólamállum sem gerir barnafólki kleift að setjast að í þorpinu þó að það verði nokkuð snúið. Skoða þarf hvort mögulegt er að bjóða upp á þann valkost að skólasel verði starfrækt undir stjórn og umsjón skólustjóra grunnskóla en í nánu samstarfi leikskólans Barnabóls. Með slíku fyrirkomulagi mætti hugsa sér að börn þyrftu ekki að fara alla daga yfir á Þórshöfn en gætu stundað fjarnám í skólaseli. Faglegur og fjárhagslegur stuðningur gæti komið frá Þekkingarneti Þingeyinga, mennta- og menningarmálaráðuneyti og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

b) Að áttak verði gert í umhverfismálum á Bakkafirði. Það verði gert með því að leita að framtíðarlausn fyrir sorpförgun svo sem fram kemur í gildandi aðalskipulagi. Það fæli að mati nefndarinnar í sér að hætta mætti sorpurðun á urðunarsvæðinu á Bakkafirði. Enn fremur verði áttak í umhirðu húseigna, opinna svæða og mannvirkja í samstarfi sveitarfélags og íbúa/íbúasamtaka.

Leitað verði að framtíðarlausn fyrir sorpförgun svo sem kveður á um í aðalskipulagi. Þetta þýðir í huga nefndarmanna að leita leiða til að hætta sorpurðun á urðunarsvæðinu á Bakkafirði og þannig megi meðal annars opna fiskþurrkunarsvæðið á ný ef vilji heimamanna stendur til þess. Fram hefur komið á íbúafundi og í samtölum við íbúa á Bakkafirði að meðferð sorps og urðun þess við bæjardyr þeirra sé óboðlegt með öllu og að þetta beri jafnframt vitni um algjört skeytingarleysi af hálfu sveitarstjórnar í garð Bakkfirðinga í kjölfar sameiningar. Þetta fyrirkomulag varð til þess að fiskþurrkunarsvæði heimamanna var lokað vegna nálægðar við urðunarsvæðið og hefur þar af leiðandi valdið búsisfjum fyrir fiskverkunina. Úrbætur í meðhöndlun sorps gætu orðið mikilvægur áfangi í að koma til móts við íbúa á Bakkafirði.

Áttak verði gert í umhirðu húseigna, opinna svæða og mannvirkja yfirleitt. Til að ná árangri í umhirðu og umhverfi samfélagsins verður að koma til sameiginlegt áttak þar sem sveitarstjórn og íbúar eða íbúasamtök setja sér skýr markmið og lýsa yfir vilja til að standa saman að ákveðnum aðgerðum. Það væri til dæmis hægt að setja það markmið að Bakkafjörður yrði snyrtilegasta og fallegasta þorp á Íslandi. Til að ná því þarf auðvitað bæði einarðan vilja, mannafla og fjármuni. Verkefnisstjóri Brothættra byggða gæti haft frumkvæði að úrbótum og leitt aðila saman til verka. Einnig mætti huga að því að fá sjálfboðaliða, t.d. 5–10 manna hóp, í einn mánuð á sumri til starfa með íbúum og starfsmönnum sveitarfélagsins. Þótt sjálfboðaliðar á vegum UST starfi t.d. fyrst og fremst á friðlýstum svæðum mætti athuga með slíka hópa eða hliðstæða.

III. Viðauki

Dagvistunar- og skólamáli

Úr leikskólalögum nr. 90/2008

2. gr. Markmið.

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:

- a. að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- b. að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- c. að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- d. að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- e. að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
- f. að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

Úr grunnskólalögum nr. 91/2008

2. gr. Markmið.

Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Grunnskóli skal stuðla að víðsýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks og á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn. Nemendum skal veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og að afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfra hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

Grunnskóli skal stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

Minnisblað – skólaganga barna í Bakkafirði

Eftirfarandi samantekt er gerð af Gunnari Gíslasyni forstöðumanni Skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri að beiðni sveitarstjóra í nóvember 2020

Sveitarstjóri Langanesbyggðar óskaði eftir hugleiðingum frá Miðstöð skólaþróunar HA um möguleika á skólagöngu barna í Bakkafirði með hliðsjón af þeirri stöðu sem þar er.

Almennt

Undangengin ár hefur orðið mikil fólksfækkun í dreifðum byggðum landsins. Börnum hefur víða fækkað mikið og hefur það leitt til þess að skólar hafa verið lagðir niður og þeim börnum sem eftir eru er ekið

um mislangan veg í aðra skóla. Það þekkist því víða að börn sitja nokkuð langan tíma í skólabíl á hverju skóladegi á ferð til og frá skóla.

Seinni ár og sérstaklega síðast liðið ár hafa orðið miklar framfarir í fjarkennslu. COVID-19 faraldurinn hefur leitt til lokunar skóla víða og þá sérstaklega hjá eldri nemendum í grunnskóla. Þá eru þekkt dæmi um að nemendum frá 1. bekk hafi verið haldið heima af foreldrum vegna þessa. Því hafa skólar og kennarar gripið til fjarkennslu og hefur hún þróast mjög hratt á þessu ári. Það hefur hjálpað til að tækninni hefur fleygt fram og forritin mjög aðgengileg gegn vægu gjaldi, ef ekki eru frí afnot. Það hafa því komið fram tillögur um að stofna grunnskóla sem myndu einungis starfa í netheimum, en af því hefur ekki orðið enn. Markhópurinn sem horft er til eru nemendur sem búa mjög afskekkt í sveitum og fámönnum byggðarlögum þar sem ekki er talið mögulegt að halda úti skólastarfi með venjubundnum hætti. Þá hefur einnig verið horft til nemenda sem eru í svokallaðri skólaforðun, þ.e. að þeir vilja ekki mæta í skólann og geta verið fyrir því ýmsar flóknar ástæður sem of langt er að fara út í hér.

Gagnrýni á fjarkennsluna hefur einna helst snúið að því að félagsþátturinn í uppeldinu verður út undan og því telja margir nauðsynlegt fyrir börn og ungmenni að koma saman á einum stað til að njóta samvista með reglubundnum hætti og læra þannig samskipti og þroska félagsfærni sína.

Sem mótvægi við þessa gagnrýni hafa sumir bent á að börn og ungmenni eigi mörg hver fyrst og fremst samskipti við jafnaldra sína í gegnum samskiptaforrit þó þau búi í fjölmenni og gangi í fjölmenna skóla. Þrátt fyrir að áhyggjur af þessari þróun séu nokkuð almennar hefur ekki verið rannsakað með markvissum hætti hvort þessi þróun sé skaðleg fyrir félagsþroska barna og unglunga, ef þau eru í góðum tengslum við sitt nánasta fólk og upplifa jákvæð samskipti með þeim.

Það má því segja að í dag og næstu ár sé hægt að velja um fleiri kosti en hafa verið í boði til að mennta börn og unglunga.

Grunnskólanemendur

Það munu ekki vera nein börn eða ungmenni á grunnskólaaldri í Bakkafirði eins og er en það eru 44 km til Þórshafnar þar sem grunnskólinn er staðsettur. Það eru hins vegar börn í dreifbýlinu á leið til Þórshafnar og það ekur skólabíll frá Bakkafirði þar sem bílstjórinn býr, á hverjum skóladegi til Þórshafnar. Það er því ekki óeðlilegt að ætla börnum og ungmönnum í Bakkafirði að sækja skóla á Þórshöfn. Vegalengdin sem hér um ræðir er vissulega lengri en æskilegt væri en börn sitja víða lengur í skólabíl og fara lengri leið í skóla en þetta. Vinna við vegabætur eru í gangi og ætti þær framkvæmdir að tryggja betur öryggi á leiðinni og stytta ferðatíma.

Það er einnig möguleiki að blanda saman fjarkennslu og því að sækja skóla, ef vilji er til þess hjá foreldrum og nemendum. Þá væri hægt að sjá fyrir sér að fjarkennsla væri t.d. tvo daga í viku en skólasókn hina. Kennarar í grunnskólanum þyrftu þá að geta sinnt slíkri kennslu án þess að vera bundnir við aðra kennslu á sama tíma. Ef kennsla á að vera markviss þurfa kennarar að einbeita sér að þeim nemendum sem eru í fjarkennslunni. Það ætti ekki að vera vandamál fyrir hvern kennara að vera með nokkra nemendur í einu fjarkennslu þó einhver aldursmunur sé á þeim. Þannig gætu kennararnir skipt kennslunni á milli sín eftir því hvaða faggreinar væru undir í hvert sinn. Það væri þá annars konar stundaskrá í gangi, en mjög mikilvægt að það sé upphaf og endir á skóladeginum. Hér er gengið út frá því að verið sé að nýta Zoom, Google meet eða Teams. Nemendur eru í tíma hjá kennara samkvæmt stundaskrá en eru heima hjá sér við tölvuna í mynd og beinum samskiptum við kennara.

Í raun ætti ekki að vera vandamál að bjóða upp á fjarkennslu oftari í viku ef það væri vilji nemenda og foreldra eða þegar veður og færð hamla akstri.

Fjarkennsla sem þessi hentar sennilega betur fyrir nemendur sem eru í 4. – 10. bekk, en ég hef einnig séð mjög vel heppnaða kennslu með yngri nemendum, alveg niður í 1. bekk, en þá þurfa foreldrar að vera nálægt eða með sérstaklega til að byrja með.

Grundvallar atriðin svo þessar hugmyndir ná fram að ganga byggjast á því að það sé nægjanlega öflugt netsamband á viðkomandi stað og aðgangur að góðum tölvukosti. Það gæti verið möguleiki ef ákveðið væri að fara þessa leið að skólinn útvegi þeim nemendum sem um ræðir fartölvum til afnota.

En afhverju ætti ekki að setja upp skóla í Bakkafirði, gæti einhver spurt. Það er afar hæpið að gera það með tilliti til kostnaðar nema nemendur séu 8 – 10. Það má reikna með því að unglíngum yrði ekið á Þórshöfn þar sem þeir fá notið samvista við jafnaldra sína, sem er unglíngum yfirleitt mjög mikilvægt. Þá væri aldrei hægt að sinna kennslu allra námsgreina með fullnægjandi hætti svo það þyrfti einnig að koma til fjarkennsla frá Þórshöfn. Þar með væri komið á margfalt kerfi sem hleypir kostnaði verulega upp og er ekki verjandi miðað við þá möguleika sem tilteknir hafa verið hér að framan. Að minnsta kosti þyrfti að gera ráð fyrir 1,5 stöðugildum sem er viðbótakostnaður sem nemur a.m.k. 14.000.000 kr. árlega í launum auk ýmskonar annars kostnaðar sem gæti hlaupið á allt að 5 – 10 milljónum til viðbótar, allt eftir því hvað er gert.

Leikskólabörn

Eins og staðan er í dag eru mjög fá börn á leikskólaaldri í Bakkafirði, þrjú eða færri. Það gefur augaleið ef grannt er skoðað að það er verulega hæpið að setja upp leikskóladeild fyrir svo fá börn. Það væri hægt að semja við dagforeldri til að taka börnin að sér og sinna þeim á daginn meðan foreldrar sinna vinnu. Niðurgreiðsla á slíkri þjónustu ætti að vera með þeim hætti að það kostaði foreldra ekki meira að vera með börnin í þeirri þjónustu en væru þau í leikskóla. Um dagforeldra og störf þeirra er í gildi reglugerð sem þarf að tryggja að sé fylgt að fullu. Það þarf því að vera á staðnum einhver sem uppfyllir öll skilyrði sem dagforeldri og er tilbúin að taka verkefnið að sér.

Einn kostur væri að bjóða foreldrum barnanna heimgreiðslur ef þeir vildu vera heima með barnið og það væri almennt valkostur.

Annar kostur væri að börnin sæki leikskóla á Þórshöfn. Það er að mér skilst ekkert sem stendur í vegi fyrir því hvað leikskólann varðar. Það væri möguleiki að börnin færu með skólabílnum að morgni og þeim fylgi starfsmaður eða einhver fullorðinn sem tæki það starf að sér. Það væri einnig möguleiki að foreldrar skipti á milli sín að aka börnunum í leikskólann og fái akstursstyrk en þá þarf að skoða tryggingamál mjög vel.

Það væri svo möguleiki að fara blandaða leið, að börnin fari suma daga í leikskólann en séu suma daga hjá dagforeldri.

Samantekt

Af því sem fram hefur komið í þessum hugleiðingum verður ekki séð að það sé grundvöllur fyrir því að koma almennu skólastarfi af stað aftur í Bakkafirði á meðan börnin eru ekki fleiri. Það getur verið að það hamli því að þangað flytji ungt fólk með börn, en það er einnig mikilvægt að það liggi ljóst fyrir hvaða kostir fylgja því að búa í fámenni sem þessu og hvaða ókostir. Það þarf því að vera ljóst hvaða þjónusta verður í boði fyrir fullorðna sem börn og á því þarf ákvörðun um það að flytja á staðinn að byggja.

Tækninni fleygir fram, vegir eru byggðir upp, umferðaröryggi eykst og ferðatími styttest. Þetta skiptir allt máli þegar ákvarðanir um skólamálin eru teknar.